

REGLUGERÐ

um bann við tog- og dragnótaveiðum við Ingólfshöfða.

1. gr.

Frá og með 3. október 1991 eru allar veiðar með vörpu og dragnót bannaðar á svæði við Ingólfshöfða, sem að vestan markast af 16°40'V, að austan af 16°20'V og að sunnan af 63°45'N. Að norðan markast svæðið af fjöruborði.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 1. október 1991.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eypórsson.